Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholtinu

Erum einnig á visir.is

SEPTEMBER 2020

9. tbl. 27. árg.

Öll lyf á lágmarksverði og samheitalyf líka!

Lyfjaval APÓTEK

Systrasamlagið

Erum á Óðinsgötu 1

Afgreiðslutími:
Mán: 11-16
Þri-fös: 11-18
Lau 11-16
sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid

Netverslun: systrasamlagid.is

- bls. 4-5
Viðtal við Sóleyju Kristjánsdóttur

Stór dagur í Breiðholti

Stór dagur var í Breiðholti 5. september sl. Þá var nýtt knatthús tekið í notkun á athafnasvæði ÍR í Suður Mjódd og skóflustunga tekin að öðru íþróttahúsi á ÍR svæðinu. Þá tilkynnti Dagur B. Eggertsson borgarstjóri að dans- og fimleikahúsi hafi verið valinn staður í Efra Breiðholti.

Á myndinni eru Ingigerður Guðmundsdóttir formaður ÍR og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri að klippa á borða í tilefni þess að hið nýja hús var tekið í notkun.

Sjá nánar á bls. 19.

ALLAR PIZZUR AF MATSEÐLI Á 1.590 KR. EF ÞÚ SÆKIR, 21.–27. SEPT. 2020

DOMINOS.IS | 58 12345 | DOMINO'S APP

Þitt hverfi hefur hækkað einna mest síðastliðið ár.

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst 510 7900

LIND FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Landsprent ehf.
9. tbl. 27. árgangur
Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Umræða er nauðsynleg

Nauðsyn er að íbúar Breiðholtshverfanna kynni sér þær hugmyndir um framtíðarskipulag Breiðholtsins sem nú er verið að kynna. Frjó umræða verður að fara fram. Fólk þarf að láta sjónarmið sín í ljósi burt séð frá því hvernig því hugnast tillögur sem kynntar hafa verið. Vinnsla skipulagsins er enn í gangi og eyrun eru opin fyrir góðum og gagnlegum hugmyndum.

Breyttir verslunarhættir tóku lífsbitann frá þjónustukjörnunum. Þeir döguðu uppi án nokkurra hlutverka. Í dag vill fólk fá þjónustu inn í byggðina á nýjan leik. Við þessu er verið að bregðast með nýjum hugmyndum.

Íbúum Breiðholts hefur fækkað talsvert í rás áranna. Breiðholtið er að miklu leyti byggt af litlum og meðalstórum íbúðum og stórum húsum. Þar vantar millistærðir sem henta fjölskyldum þar sem börn eru í meirihluta.

Í skipulagsdrögunum er lagt til að byggja litlar íbúðir en einnig að opna möguleika til þess að skipta stórum húsum í tvær íbúðir. Spurning er um hvort leggja verður meiri áherslur á meðalstærðina.

Skólar í Breiðholti geta tekið við mun fleiri börnum en búa í hverfinu í dag. Góð félagsaðstaða er fyrir börn. Aðstaða til íþrótta er ágæt og er stórlega að batna með uppbyggingu á svæði ÍR. Þá er sérstakt hvatningarverkefni fyrir börn að hefjast í Breiðholti.

Enn eru möguleikar til bygginga fyrir hendi í Breiðholti. Þótt þessar skipulagshugmyndi nái ekki til Stekkjarbakkans er ljóst að byggja má skemmtilegt íbúðahverfi á svæðinu sem kennt hefur við Garðheima. Varpað hefur verið fram hvort rétt væri að byggja yfir Listaháskóla Íslands aðra stofnun í Breiðholti þegar draumurinn um bílaumboð er ekki lengur fyrir hendi. Þetta og annað verður að ræða. Breiðhyltingar eru hvattir til þess að láta í sér heyra.

GARÐS APÓTEK
- í yfir 60 ár
Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
Pantaðu tiltekt á appotek.is
eða í síma 568 0990
Garðs Apótek - *í leiðinni*
Fáðu lyfin send heim með póstinum
Pantaðu sendingu á appotek.is
Garðs Apótek - *um land allt*
Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar

Þriggja ára tilraunaverkefni í Breiðholti

Kynningarmynd tilraunaverkefnisins er táknræn fyrir fjölmenningarsamfélagið í Breiðholti.

Frístundir í Breiðholti er þriggja ára tilraunaverkefni sem á að vinna á árunum frá 2020 til 2023. Eftir að borgarráð samþykkti að hefja þetta verkefni var því vísað til meðferðar þjónustumiðstöðvar Breiðholts sem hefur unnið að útfærslu þess í samráði við íþrótta- og tómstundasvið, skóla- og frístundasvið, Íþróttabandalag Reykjavíkur og íþrótta- og frístundaaðila í Breiðholti. Markmiðið með þessu verkefni er að auka þátttökuhlutfall barna í íþrótta- og frístundastarfi í Breiðholti til jafns við meðaltal í Reykjavík og að að auka nýtingu frístundakortsins í Breiðholti til jafns við meðaltal í Reykjavík og auðvelda samfélagslega þátttöku. Verkefninu verður stýrt frá Þjónustumiðstöð Breiðholts og fellur undir Heilsueflandi Breiðholt.

Börnum í 1. og 2. bekk verður gert kleift að prófa að fært sig á milli íþrótta- og frístundakosta án aukagjalds. Börnum á þessum aldri mun standa til boða að færa sig á milli og reyna sig í mörgum íþrótta- og frístundakostum gegn einu gjaldi á þessu tveggja ára tímabili. Valmöguleikarnir gætu t.d. verið knattspyrna, handknattleikur, körfuknattleikur, frjálsíþróttir, sund, keila, karate, skíði, júdó, taekwondo, fimleikar, hjólreiðar, klifur, skátastarf, skák, dans, ballett og tónlistarnám.

Íþróttir og frístundir frá kl. 14 til 18

Íþróttir og frístundir fyrir tvo yngstu aldurshópanna munu standa til boða eftir skólalok frá kl. 14:00 til 18:00 á virkum dögum. Gjaldfrí frístundarúta með leiðsögumanni á að veita börnum þjónustu á tímabilinu 14:00 til 18:00 alla virka daga til að auðvelda þeim að komast á milli skóla, íþróttaæfinga, frístunda og heimilis. Kynning á íþrótta- og frístundastarfi verður sameiginlegt verkefni Þjónustumiðstöðvar Breiðholts, grunnskólanna, íþrótta- og frístundaaðila í náinni samvinnu við samtök íbúa af erlendum uppruna. Þá verður sérstök áhersla lögð á að í íþrótta- og frístundastarfinu fari fram markviss örvun og kennsla í íslensku og félagslegum tengslum með það að markmiði að auðvelda þátttakendum félagslega aðlögun að íslensku samfélagi.

Frístundaþátttaka óháð bakgrunni og efnahag

Gert er ráð fyrir að Þjónustumiðstöð Breiðholts, grunnskólar, íþrótta- og frístundaðilar og foreldrar vinni markvisst að því að auðvelda íþrótta- og frístundaþátttöku allra barna í Breiðholti óháð bakgrunni og efnahag. Þá verður sérstakur sjóður stofnaður til að greiða íþrótta- og frístundaaðilum fyrir umframkostnað vegna þátttöku í verkefninu og foreldrum þátttakenda til að standa straum af aukakostnaði, s.s. vegna þátttöku í viðburðum, kaupa eða leigu á búnaði. Íþróttaverkefni leikskólanna fyrir elsta árgang leikskólabarna sem var starfrækt árið 2019 í öllum leikskólum Breiðholts og gaf góða raun verði starfrækt áfram á tíma tilraunaverkefnisins.

Kortið nægi íþrótta- og frístundastarfi í 1. og 2. bekk

Gert er ráð fyrir að frístundakortið nægi fyrir þátttöku í öllu íþrótta- og frístundastarfi í 1. og 2. bekk. Allt íþrótta- og frístundastarf í Breiðholti fyrir börn í 1. og 2. bekk grunnskóla verði í boði allt árið gegn frístundakortsframlagi borgarinnar sem er kr. 50.000 árið 2020. Auk þess greiði Reykjavíkurborg kr. 30.000 með hverju barni þannig að framlag með hverju þeirra verði 80.000 krónur árin 2021 og 2022. Verkefnið hefst að hausti 2020 og því verði aukaframlagið fyrir það ár kr. 15.000 á hvert barn til að greiða fyrir þátttöku í verkefninu.

Mössun og keramíkhúðun

Motormax býður
SONAX® keramíkhúðun
á frábæru **kynningarverði**

Litlir fólksbílar	Verð frá 79.900 kr.
Stórir fólksbílar & jepplingar	Verð frá 99.900 kr.
Jeppar	Verð frá 109.900 kr.
Breyttir bílar & sendibílar	Verðtilboð



Starfsmenn Motormax dekra við bílinn með SONAX® vörum

Profiline CC36 (ceramic coating 36) frá Sonax veitir lakki bílsins langtímavörn gegn UV geislum, eiturefnum og öðrum umhverfisáhrifum, svo sem salti, tjöru og vegryki. Umbreyttar nanóagnir tengjast saman og mynda þannig sérlega sterkan varnarhjúp svo að yfirborðið verður einstaklega vatnsfráhrindandi, hrindir frá sér ryki og verður sérlega auðvelt í þrifum. Varnarhjúpurinn eykur styrk og mótstöðu lakksins, gefur hámarksgljáa, friskar upp á liti og veitir þeim um leið einstaka dýpt.

Vörnin endist í allt að 36 mánuði sé bíllinn þjónustaður árlega.

Bókaðu tíma í keramíkhúðun hjá Motormax í síma 545 4040 eða á motormax@motormax.is

MotorMax Bónstöð

Motormax ehf.
Vatnagörðum 12
Sími: 545 4040

motormax@motormax.is

VIÐTALIÐ

Ræktunaráhuginn og barnauppeldi drógu mig í Breiðholtið

- segir Sóley Kristjánsdóttir

"Sóley Kristjánsdóttir - Dj Sóley eða Sóley módel er mörgum kunn enda ein mesta "sjarmaskessa" sem finnst í borginni." Þetta má lesa á vefnum pjatt.is en greinin birtist þar fyrir tæpum áratug. "Sóley er alltaf brosandi og hress, gífurlega falleg með flottan stíl, ungleg í anda og útliti," svo haldið sé áfram að lesa á pjattinu. Þá hafði Sóley unnið bæði sem fyrirsæta, plötusnúður og sem brand manager hjá Ölgerðinni um árabil þar sem hún starfar enn. Eiginmaður Sóleyjar er Freyr Frostason arkitekt og eiga þau tvær dætur auk þess sem hann á einn son fyrir. Sóley á nokkuð óvenjulegan en skemmtilegan lífsferil. Hún er uppalið Miðborgarbarn og úr Vesturbæ en flutti fyrir nokkrum árum í Breiðholt. Nánar tiltekið í Stekkina. Hvað dróg miðborgarskvísuna í Breiðholt.

"Áhugi minn á garðyrkju og ræktun," svarar Sóley án þess að hika. "Ég hef alltaf verið mikil ræktunarmanneskja og svo vorum við komin með lítið barn. Ef ég ætti að gera eitthvað annað en það sem ég er að fást við í dag myndi ég vilja vera garðyrkju- eða jafnvel skordýrafræðingur. Miðborgin er ekki beinlínis vettvangur fyrir fólk með þessi áhugamál þótt víða megi rækta. Án gamans þá sáum við hús í Stekkunum til sölu og það var gróðurhús í garðinum. Þá var ekki aftur snúið. Við bara rukum til og keyptum húsið." Foreldrar Sóleyjar eru Anna Gulla Rúnarsdóttir fatahönnuður og Kristján Engilbertsson verkfræðingur og menningarmógúll eins og hún kynnir föður sinn. "Ég segi það því pabbi hefur alltaf haft mikinn áhuga á menningarlegum efnum. Fyrstu árin mín voru í Danmörku þar sem foreldrar mínir bjuggu. Þau skildu og þá flutti ég í Vesturbæinn og svo í Miðbæ Reykjavíkur á Laugaveg. Ég gekk í Hagaskóla og lauk grunnskólanum þar og fór eftir það í Kvennaskólann. Þrátt fyrir að ég hafi alist upp í Danmörku fyrstu árin þá lánaðist mér að dúxa í íslensku í Kvennó. Ég er alin upp við fallega íslensku. Foreldrar mínir hafa allt tíð lagt áherslu á móðurmálið og að það sé talað með vönduðum hætti.

Bóksali, fyrirsæta, plötusnúður og sálfræði

Hvar byrjaði Sóley fjölbreyttan starfsferil sinn. "Í Kolaportinu. Vinur pabba erfði eitt stærsta einkabókasafn á landinu. Ákveðið var að selja úr safninu í Kolaportinu og þar stóð ég í sölubás og seldi bækur. Svo greip ég aðeins í fyrirsætustörf. Á unglingsárunum. Þetta gat verið skemmtilegt og ég náði að ferðast nokkuð út á þetta starf. Svo gerðist ég plötusnúður og sinnti því ásamt öðru um margra ára skeið." Hvernig kom það til. "Ég hafði tengst tónlist mikið og hún var eiginlega mínar ær og kýr. Þetta byrjaði með því að ég fór að vinna hjá útvarpsstöð. Mér fannst það rosalega gaman. Að geta spilað þá tónlist sem ég vildi fyrir hlustendur. Svo hætti þessi stöð störfum en mér fannst ómögulegt að hætta þessari skemmtilegu vinnu. Mér fannst ég alveg eins geta spilað á kaffihúsum og setti mig í samband við aðila í þeim bransa þegar ég var 18 ára. Ég var búin að safna mér stóru safni af geisladiskum því ég vildi spila af mínum eiginn diskum. Þannig gat ég valið hvað ég spilaði hverju sinni. Ég fór í nám í sálfræði í Háskóla Íslands eftir veruna í Kvennó og spilaði svo diskana mína á kvöldin á kaffihúsum og krám. Fyrir utan hvað þetta var gaman þá var þetta þægilegt vinna og ágætlega borguð. Ég spilaði aðallega hip hopp. Ég er af hip hopp kynslóðinni. Ég hlusta enn mikið á hip hopp. Er hip hoppari í mér."

Kryddjurtirnar vaxa best

En aftur að málefninu sem minnst var á í upphafi. Málefninu sem varð ástæða þess að Sóley fluttist í Breiðholt. Ræktunarstarfinu. Hún kveðst snemma hafa fengið áhuga á ræktun. Kveðst muna eftir sér með plöntur í glugga. Strax á unglingsárum. Verið að vökva og fylgjast með hvað kæmi upp úr moldinni. "Ég var líka að rækta úti á svölum. Þessi ræktunaráhugi óx smá saman. Nokkur kaflaskil urðu í garðyrkjuferlinum þegar ég kynntist eiginmanni mínum á Kaupfélaginu sem var og hét. Ég fór að sýna syni hans hvernig hægt væri að taka fræ úr tómötum og paprikum og breyta í plöntur. Við settum fullt af fræjum í mold og svo fór allt að spretta. Plönturnar urðu eiginlega börnin mín og ég hafði ekki undan að setja þær í stærri og stærri potta þar til allar gluggakistur voru yfirfullar og andrúmsloftið var eins og í gömlu Eden í Hveragerði. Þegar

Sóley og Freyr ásamt börnum sínum.

Komdu í þægilegt og gott umhverfi
við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði
VELKOMIN

MJÓDDIN

Brand manager hjá Ölgerðinni.

Í garðinum heima. Sóley segir salat og kryddjurtir vaxa best.

Ritstjóri pjatt.is kallaði Sóleyju "sjarmaklessu" fyrir tæpum áratug. Þá hafði hún unnið sem bóksali, fyrirsæta, plötusnúður og tekin til starfa sem brand manager. Hafði einnig lagt stund á nám í sálfræði.

við fórum að leita að stærra húsnæði kom húsið í Stekkjunum upp í hendurnar á okkur. Þar var stór garður með gróðurhúsi og ég sá strax möguleikana til að rækta. Við tókum um 40 fermetra af garðinum og breyttum í matjurtagarð. Freyr smíðaði beð í garðinum sem ég hef notað mjög mikið. Ég er enn að rækta í gluggakistunum. Þar byrjar ræktunin oftast. Síðan fara plönturnar út í gróðurhúsið til að taka út meiri vöxt og þaðan í beðin áður en það endar á matarborðinu." Sóley segir að grænmeti sé dýrt en það sé þó ekki eina ástæðan að hún ræktar sitt grænmeti sjálf. "Mér finnst vinnan í garðinum bæði róandi og nærandi. Maður nær að njóta lífsins betur. Þegar uppskeran er góð er ótrúlega endurnærandi að fara út í garð og sækja salat í matinn. Ég hef prufað að rækta ýmsar tegundir en veðráttan er ekki alltaf nægilega hliðholl. Ég rækta mest salat og kryddjurtir. Þær vaxa best."

Þarf sjaldan að kaupa egg

Sóley lætur sér plöntu- og jurtaræktina ekki nægja. Hún er með fleiri búgreinar í garðinum. Hún er með hænur. "Leyft var að vera með hænur í Reykjavík árið 2014 og þá setti ég strax upp hænsnagerði. Þær aðstoða mig líka við moltugerðina. Ég bý til moltu úr matarafgöngum til að nota sem áburð í beðin. Þær éta pöddur og snigla sem þær finna og úrgangurinn úr þeim er mjög góður áburður. Ég kaupi eiginlega aldrei egg. Þær taka þó stundum pásu og þá verð ég að kaupa en það er ekki oft. Þær eru hins vegar að verða gamlar þannig að maður veit ekki hvað þær endast lengi til þess að verpa. Mér finnst gaman að vera með hænurnar. Þær eru sjálfstæðar og hafa félagsskap hver af annarri. Geta verið einar einhverja daga ef þær hafa nóg að éta. Annars vantar mig tíma. Ég hef svo mörg áhugamál að sólarhringurinn dugar ekki til að sinna þeim því ég þarf hefðbundinn átta tíma svefn"

Hef áhuga á ljóðum

"Svo fór ég að læra ljóð," heldur Sóley áfram. Það er góð aðferð til þess að þjálfa minnið. Ég byrjaði þegar ég var í fæðingarorlofi með yngri dóttur mína árið 2010. Ég hugsaði að kannski væri gaman að prófa bara að læra eitt ljóð. Ég nefni þetta við pabba og hann veðrast allur upp og varð agalega kátur. Hann er mikið fyrir ljóð og kann ótrúlegustu ljóð utanbókar og marga ljóðabálka. Ég réðst ekki á lægsta garðinn og valdi Einræður Starkaðar eftir Einars Benediktsson. Mér fannst eitt erindið svo fallegt en áttaði mig ekki á því að þetta væru átján erindi. Ég byrjaði bara á fyrsta erindinu og þegar maður er ekki í þjálfun þá tók alveg marga daga að læra það. En þegar maður kann orðið eitt erindi fyrst og svo allt í einu kann maður tvö erindi og áður en maður veit af kann maður fimm erindi. En ég lét ekkert stöðva mig. Ég hélt áfram og hef að undanförnu lagt mig fram um að læra ýmsar perlur ljóðlistarinnar utanbókar."

Að vinna með sterku vínin

Sóley er búin að starfa hjá Ölgerðinni um árabil. "Ég er eiginlega í draumastarfi. Ég er brand manager sem er kallað vörumerkjastjóri á íslensku. Ég er að vinna í samskiptum við birgja víðs vegar að sem við eigum í miklum viðskiptum við. Ég er í sterka vínbransanum - að vinna með sterku vínin. Annast um viskí og vodka og margar fleiri víntegundir sem við erum að flytja inn. Ég er að vinna við allt sem snýr að þessum vörumerkjum. Markaðsmál og annað sem snýr að sölu og kynningu þeirra. Og þá er ekki verra að hafa kryddjurtirnar úr gluggakistunni. Þær koma sterkar inn þegar útbúa þarf kokteila. Það er geggjað að nota ilmandi basil og myntu ferskt í kokteila. Til dæmis er basil algjört æði í Tanqueray Gimlet og myntan er punkturinn yfir og undir i-ið í Bulleit Mint Julep. Internetið lumar svo á endalausum girnilegum uppskriftum sem hægt er að prófa en ég er að setja upp síðu sem heitir www.drekkumbetur.is sem er meðal annars samantekt yfir frábæra kokteila."

Ekki alltaf dans á rósum

Þótt líf Sóleyjar hafi verið viðburðaríkt og áhugamál hennar náð að njóta sín hefur lífið ekki alltaf verið dans á rósum. Sóley greindist með krabbamein þegar hún var 37 ára. Hún segir það hafa komið á óvart. Enga sögu um krabbamein sé að finna í ættum sínum og hún hafi talið sig hafa lifað heilbrigðu lífi. Hún ákvað að deila þessari óvæntu reynslu sinni í stað þess að loka hana af eins og leyndarmál. Hún náði fullum bata. Hún kveðst hafa lært ýmislegt af veikindaferlinu. Allt hafi ekki verið neikvætt. "Ég er á góðri leið. Ætli ég verði ekki allra kerlinga elst. Er tæplega hálfnuð myndi ég halda."

MIKLABORG

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar

Jón Rafn Valdimarsson lögg. fasteignasali Sími: 695 5520
Ólafur Finnbogason lögg. fasteignasali Sími: 822 2307
Bryndís Alfreðsdóttir lögg. fasteignasali Sími: 569 7024
Gunnar S. Jónsson lögg. fasteignasali Sími: 899 5856
Gunnar Helgi Einarsson lögg. fasteignasali Sími: 615 6181
Þórunn Pálsdóttir lögg. fasteignasali Sími: 773 6000
Ásgrímur Ásmundsson hdl. og lögg. fasteignasali Sími: 865 4120
Þröstur Þórhallsson lögg. fasteignasali Sími: 897 0634
Jórunn Skúladóttir lögg. fasteignasali Sími: 845 8958

Axel Axelsson lögg. fasteignasali Sími: 778 7272
Atli S. Sigvarðsson lögg. fasteignasali Sími: 899 1178
Svan G. Guðlaugsson lögg. fasteignasali Sími: 697 9300
Jason Ólafsson lögg. fasteignasali Sími: 775 1515
Páll Þórólfsson aðstm. fasteignasala Sími: 893 9929
Helgi Jónsson aðstm. fasteignasala Sími: 780 2700
Hilmar Jónasson lögg. fasteignasali Sími: 695 9500
Ragnheiður Pétursdóttir hdl. og löggiltur fasteignasali
Harpa Rún Glad hdl. og löggiltur fasteignasali

2016 Framúrskarandi fyrirtæki

Fasteignasalan
Miklaborg
Lágmúla 4 • 108 Reykjavík • Sími 569 7000
www.miklaborg.is

Með þér alla leið



Fella- og Hólakirkja

Hólabergi 88, 111 Reykjavík. Sími 5573280.
Tölvupóstur: fellaogholakirkja@fellaogholakirkja.is

Opið virka daga frá kl. 9 - 16.
Viðtalstímar presta eru þriðjudaga – föstudaga kl. 11 - 12 eða eftir samkomulagi.
www.fellaogholakirkja.is

Verið velkomin í Fella-og Hólakirkju!

„Ég varð glaður, er menn sögðu við mig: "Göngum í hús Drottins."

Í Fella- og Hólakirkju leggjum við áherslu á að bjóða upp á fjölbreytt og áhugavert safnaðarstarf fyrir alla aldurshópa í Efra Breiðholti. Fjöldi fólks bæði starfsfólk og sjálfboðaliðar kemur að starfinu í kirkjunni. Framlag sjálfboðaliða er kirkjunni ómetanlegt og þakkarvert.

Starf fyrir börn og unglinga skipar mikilvægan sess í kirkjulífinu, en það er öllum þátttakendum að kostnaðarlausu. Í sunnudagaskólanum, sem er alla sunnudaga kl. 11, kynnast börnin biblíusögum, syngja skemmtilega söngva og læra að Guð elskar þau. Í vinadeild fyrir 2.-3. bekk er boðið upp á leikjasamverur og helgistund. Börnum í 4. -7. bekk er boðið upp á skemmtilegar og skapandi samverur í listasmiðjunni Litróf. Ungmennum í 8.- 10. bekk er boðið að taka þátt í æskulýðsfélaginu, sem hittist alla fimmtudaga kl. 20.

Fermingarfræðslan hefst 16. september og er öllum börnum á fermingaraldri velkomið að vera með í fræðslunni óháð trúfélagsaðild, skráning fer fram á heimasíðu kirkjunnar, www.fellaogholakirkja.is. Sr. Jón Ómar Gunnarsson og sr. Pétur Ragnhildarson munu kenna fermingarfræðslu í vetur. Hápunktur fræðslunnar er árlegt fermingarferðalag í Vatnaskóg í nóvember.

Opið hús fyrir eldri borgara fer fram í viku hverri á þriðjudögum í umsjá Kristínar Kristjánsdóttur, djákna og kirkjuvarðanna okkar, Kristínar Ingólfsdóttur og Helgu B. Gunnarsdóttur. Karlakaffið vinsæla er síðasta föstudag í mánuði og hefst á ný 25. september nk. Kirkjukórinn æfir á fimmtudagskvöldum og getur alltaf bætt við sig áhugasömum röddum. Guðsþjónustur eru alla sunnudaga, eins og sjá má í meðfylgjandi dagskrá.

Verið hjartanlega velkomin í Fella-og Hólakirkju!
Sr. Guðmundur Karl Ágústsson, sóknarprestur.
Sr. Jón Ómar Gunnarsson, prestur.

Helgihald í Fella- og Hólakirkju

Sunnudagurinn 20. september
11:00 Guðsþjónusta og sunnudagaskóli
Sr. Guðmundur Karl Ágústsson, þjónar. Kór kirkjunnar leiðir söng undir stjórn Arnhildar Valgarðsdóttur. Reynir Þormar leikur á saxófón. Sunnudagaskólinn á sama tíma í safnaðarheimili kirkjunnar.

Sunnudagurinn 27. september
11:00 Fjölskylduguðsþjónusta í Breiðholtskirkju
Að þessu sinni bregðum við okkur af bæ og heimsækjum börnin úr sunnudagaskólanum í Breiðholtskirkju. Skemmtileg samverustund fyrir alla fjölskylduna. Söngur og gleði.

Sunnudagur 4. október
11:00 Guðsþjónusta og sunnudagaskóli
Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson, þjónar. Kór kirkjunnar leiðir söng undir stjórn Arnhildar Valgarðsdóttur. Sunnudagaskólinn á sama tíma í safnaðarheimili kirkjunnar.

17:00 Tónleikar Kirkjukórs Fella-og Hólakirkju.
Tónleikar til styrktar orgelsjóði kirkjunnar, frjáls framlög.

Sunnudagur 11. október
11:00 Guðsþjónusta og sunnudagaskóli
Sr. Jón Ómar Gunnarsson, þjónar. Kór kirkjunnar leiðir söng undir stjórn Arnhildar Valgarðsdóttur. Sunnudagaskólinn á sama tíma í safnaðarheimili kirkjunnar.

Sunnudagurinn 18. október
11:00 Guðsþjónusta og sunnudagaskóli
Sr. Guðmundur Karl Ágústsson, þjónar. Kór kirkjunnar leiðir söng undir stjórn Arnhildar Valgarðsdóttur. Sunnudagaskólinn á sama tíma í safnaðarheimili kirkjunnar.

Sunnudagurinn 25. október
11:00 Fjölskylduguðsþjónusta.
Sr. Pétur Ragnhildarson, leiðir guðsþjónustuna. Arnhildur Valgarðsdóttir spilar undir og leiðir söng. Stund fyrir alla fjölskylduna, söngur, brúðuleikhús og gleði.

Sunnudagurinn 1. nóvember - Allra heilagra messa.
11:00 Guðsþjónusta og sunnudagaskóli
Sr. Jón Ómar Gunnarsson og sr. Guðmundur Karl Ágústsson, þjóna. Kór kirkjunnar leiðir söng undir stjórn Arnhildar Valgarðsdóttur. Kertastund til minningar um látna ástvini. Sunnudagaskólinn á sama tíma í safnaðarheimili kirkjunnar.

Sunnudagurinn 8. nóvember
11:00 Guðsþjónusta og sunnudagaskóli
Sr. Jón Ómar Gunnarsson, þjónar. Kór kirkjunnar leiðir söng undir stjórn Arnhildar Valgarðsdóttur. Sunnudagaskólinn á sama tíma í safnaðarheimili kirkjunnar.

16:00 Tónleikar Kammerkórs Reykjavíkur og Kórs Fella- og Hólakirkju.
Matthías Stefánsson leikur með á fiðlu. Aðgangseyrir.

Sunnudagurinn 15. nóvember
11:00 Guðsþjónusta og sunnudagaskóli
Sr. Guðmundur Karl Ágústsson, þjónar. Kór kirkjunnar leiðir söng undir stjórn Arnhildar Valgarðsdóttur. Sunnudagaskólinn á sama tíma í safnaðarheimili kirkjunnar.

Sunnudagurinn 22. nóvember
11:00 Guðsþjónusta eldri borgara
Sr. Jón Ómar Gunnarsson, þjónar. Gerðubergskórinn leiðir söng undir stjórn Kára Friðrikssonar. Arnhildur Valgarðsdóttir spilar undir. Sunnudagaskólinn á sama tíma í safnaðarheimili kirkjunnar.

Sunnudagurinn 29. nóvember – fyrsti sunnudagur í aðventu
11:00 Fjölskylduguðsþjónusta
Sr. Pétur Ragnhildarson, leiðir guðsþjónustuna. Arnhildur Valgarðsdóttir spilar undir og leiðir söng. Stund fyrir alla fjölskylduna, söngur, brúðuleikhús og gleði.

20:00 Aðventukvöld
Skemmtileg dagskrá á aðventunni í umsjá presta kirkjunnar og kirkjukórs.

Sunnudagurinn 6. desember – Annar sunnudagur í aðventu
11:00 Aðventuhátið barnanna
Skemmtileg aðventustund fyrir börnin. Barnakór Hólabrekkuskóla syngur og nemendur úr Tónskóla Sigursveins koma fram undir stjórn Diljár Sigursveinsdóttur. Arnhildur Valgarðsdóttir spilar á orgel. Sunnudagaskólabörnin taka þátt.

17:00 Tónleikar kirkjukórs Fella- og Hólakirkju.
Tónleikar til styrktar orgelsjóði kirkjunnar. Frjáls framlög.

Sunnudagaskólinn er alla sunnudaga kl. 11. Þá sunnudaga sem fjölskylduguðsþjónustur eru, er sunnudagaskólinn hluti af þeim.

Karlakaffi

Karlakaffi er haldið einu sinni í mánuði, alltaf síðasta föstudags hvers mánaðar, byrjar kl. 10 og stendur yfir í um eina og hálfa klukkustund. Við fáum fjölbreyttan hóp gesta til okkar frá ýmsum sviðum mannlífsins, rithöfundar, sagnfræðingar, knattspyrnuþjálfarar, fyrrum hæstaréttardómarar, iðnaðarmenn, - sem sé menn héðan og þaðan sem segja frá sínum hugðarefnum og fræðum. Góð stemming er í hópnum okkar og karlarnir fá sinn tíma til að spjalla saman yfir kaffi og vínarbrauði. Allir eru velkomnir aðgangseyrir er engin en frjáls framlög í kaffisjóðinn. Fyrsta samvera haustsins verður 25. september, gestur samverunnar verður Tryggvi Jónsson, kírópraktor.

Opið hús fyrir eldri borgarar

Opið hús fyrir eldri borgara er á þriðjudögum kl. 13:00 – 16:00. Dagskráin er fjölbreytt, boðið eru upp á fróðlega fyrirlestra og skemmtilega. Alltaf er tekið í spil og handavinnan tekin með. Samveran er ljúf og nærandi og allir eru velkomnir. Við tökum vel á móti nýjum gestum. Kyrrðarstund er alla þriðjudag kl. 12 í umsjá Kristínar djákna og Arnhildar organista. Eftir stundina er boðið upp á léttan hádegisverð, súpu og brauð gegn vægu gjaldi. Einnig er boðið upp á fyrirbænastund. Allir eldri borgarar eru hjartanlega velkomnir á þessar stundir. Upplýsingar um starfið veitir Kristín Kristjánsdóttir, djákni.

Fermingarfræðslan er hafin, skráning á www.fellaogholakirkja.is!

Ljúfir tónar til styrktar orgelpípum

Nýtt starfsár kirkjukórsins í Fella- og Hólakirkju er og margt skemmtilegt á döfinni hjá okkar hressa og samheldna hópi. Áhugasamt söngfólk er alltaf velkomið í kórinn okkar og veitir undirrituð upplýsingar fyrir þau sem vilja bætast í hópinn.

Þar ber fyrst að nefna tvenna styrktartónleika í haust, þeir fyrri verða sunnudaginn 4. október kl. 17 og hinir síðari sunnudaginn 6. desember kl. 17. Tilefnið er hreinsun á orgelpípum okkar hljómfagra orgels, sem er nú komið hátt á þrítugsaldur. Ég og kórinn erum því að leggja okkar lóð á vogarskálina við þetta kostnaðarsama verk.

Kórinn er þekktur fyrir fallegan söng og líflega sviðsframkomu. Á báðum tónleikum verður byrjað á kirkjulegri tónlist og svo létt, íslensk og erlend lög sem margir kannast við , er líður á tónleikana. Við leggjum okkur jafnan fram við að bjóða uppá fjölbreytta dagskrá sem allir hafa gaman af.

Að síðustu má nefna tveggja kóra tónleika sunnudaginn 8. nóvember kl 16, sem eru raunar ekki hluti af söfnunartónleikaröðinni. Þar koma fram Kammerkór Reykjavíkur og Kór Fella-og Hólakirkju og Matthías Stefánsson mun leika með á fiðlu.

En styrktartónleikar vegna orgelpípuhreinsunar verða eins og fyrr sagði, sunnudaginn 4. október og sunnudaginn 6. desember, kl. 17. Ekki verður aðgangseyrir tekið er við frjálsum framlögum í orgelpípuhreinsunarsjóð.

Hlökkum til að sjá ykkur!

Arnhildur Valgarðsdóttir, kórstjóri og organisti Fella- og Hólakirkju.

Fermingarbarnasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar

Hefð er fyrir því að fermingarbörn Þjóðkirkjunnar gangi í hús og safni fyrir Hjálparstarfi kirkjunnar. Þann 2. nóvember nk. munu fermingarbörn úr Fella-og Hólakirkju ganga í hús í hverfinu og safna framlögum til stuðnings verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar í Úganda og Eþíópíu. Áður en börnin ganga í hús fá þau fræðslu um það hvernig vatnsþró, vatnstankur eða brunnur með hreinu vatni getur gjörbreytt lífi fólks til hins betra. Með því að taka þátt í fjársöfnunarverkefninu fá börnin innsýn í líf jafnaldra sinna í starfssvæðum Hjálparstarfs kirkjunnar í Afríku og kynnast erfiðleikum sem þau búa við. Fermingarbörnin fá líka tækifæri til að ræða um ábyrgð okkar allra á því allir jarðarbúar fái lifað mannsæmandi lífi. Á þessu ári er því jafnframt fagnað að 50 ár eru liðin frá stofnum Hjálparstarfs kirkjunnar, en starf þess hér á landi og erlendis hefur haft jákvæð áhrif á líf fjölda fólks. Takið vel á móti fermingarbörnunum!

Öflugt og lifandi æskulýðsstarf - Nýr æskulýðsprestur

Í haust ætlar Fella- og Hólakirkja að sækja fram í barna- og unglingastarfi og verður boðið upp á fjölbreytt, skemmtilegt og innihaldsríkt starf fyrir alla aldurshópa. Sr. Pétur Ragnhildarson vígðist sem æskulýðsprestur við kirkjuna síðastliðið vor og mun leiða æskulýðsstarfið og bjóða upp á ýmsar nýjungar. Með honum verða hressir og skemmtilegir leiðtogar sem hafa mikla reynslu af starfi með börnum og ungmennum.

Sunnudagaskólinn verður á sínum stað í vetur á sunnudögum klukkan 11:00. Dagskrá vetrarins er sérstaklega glæsileg og verður hver sunnudagur með ákveðið þema. Við ætlum meðal annars að búa til litabækur, fara í leiki og margt fleira fyrir utan fasta liði eins og að syngja saman, heyra sögur og horfa á brúðuleikhús þar sem skemmtilegar brúður fara á kostum. Sjáumst í safnaðarheimilinu.

Listasmiðjan Litróf hefur göngu sína á nýjan leik eftir hlé. Um er að ræða starf fyrir börn í 4.-7. bekk þar sem áherslan er fyrst og fremst á listrænar greinar líkt og dans, leiklist, söng, myndbandsgerð og fleira. Ásamt því verður farið í fullt af skemmtilegum leikjum. Sem dæmi um dagskrárefni má nefna TikTok danssýningu, gospelgleði, brjóstsykursgerð og fleira. Stefnt er á að fara í ferðalag einu sinni á misseri auk þess sem Litrófið mun sýna atriði í fjölskylduguðsþjónustum í vetur. Starfið verður á fimmtudögum frá 17:00-18:00 og hefst 17. september.

Listasmiðjan Litróf dregur nafnið sitt af mannflórunni sem er fjölbreytt og litrík og er starfinu ekki síst ætlað að vera vettvangur fyrir börn af erlendum uppruna til að kynnast jafnöldrum sínum í hverfinu betur í leik og listrænni sköpun. Litrófið hlaut Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins árið 2011 fyrir framlag sitt til atlögu gegn fordómum. Skráning í Litrófið fer fram inn á fellaogholakirkja.is og er þátttaka ókeypis.

Vinadeildin fyrir börn í 2.-3. bekk er starf í samstarfi við KFUM og KFUK sem verður á fimmtudögum frá klukkan 16:00-17:00. Farið verður í ýmsa skemmtilega leiki og slegið á létta strengi. Dagskráin er við allra hæfi og einkennist af hópeflandi leikjum og uppbyggjandi verkefnum. Boðið verður upp á fylgd frá frístundaheimilinu Hraunheimum fyrir þau börn sem eru þar og vilja sækja starfið. Skráning fer fram inn á fellaogholakirkja.is og er þátttaka ókeypis. Starfið hefst 1. október.

Unglingastarf Fella- og Hólakirkju verður á sínum stað í vetur fyrir unglinga í 8.-10. bekk. Starfið er á fimmtudagskvöldum klukkan 20:00-21:30 og ókeypis að taka þátt. Í Unglingastarfinu er farið í fullt af fjörugum og skemmtilegum leikjum og lögð rík áhersla á sjálfstyrkingu og nærandi samveru. Farið verður á unglingamót í febrúar í Vatnaskógi ásamt hópum úr öðrum kirkjum.

Allt miðar þetta að því að efla og styrkja börn og unglinga í hverfinu okkar, hvetjið þau sem þið þekkið að vera með. Frekari upplýsingar um barna-og unglingastarfið veitir sr. Pétur Ragnhildarson.

Gerðuberg

Heimsókn til Vigdísar

Rán Flygenring höfundur og teiknari.

Nú stendur yfir í Gerðubergi sýning sem ber heitið Heimsókn til Vigdísar. Sýningin er byggð á barnabókinni, Vigdís – Bókin um fyrsta konuforsetann eftir Rán Flygenring. Rán er hönnuður sýningarinnar í samstarfi við Emblu Vigfúsdóttur sýningarstjóra.

Síður bókarinnar hafa verið galdraðar fram í þrívídd til að gestir geti upplifað sýninguna líkt og þeir hafi stigið beint inn í sköpunarheim Ránar. Sýningin er engin smásmíði, heldur eru að baki margir mánuðir af leikmyndagerð og er hver einasti hlutur handmálaður til að skapa líkindi við teikningarnar í bókinni. Vigdís - Bókin um fyrsta konuforsetann er fyrsta bókin sem teiknarinn Rán Flygenring skrifar og teiknar sjálf. Bókin fjallar um ungan og upprennandi rithöfund sem bankar upp á hjá frú Vigdísi Finnbogadóttur og býður sér í kaffi til að skrifa bók um fyrsta kvenforseta í heimi. Hún fræðist um frumkvöðulinn Vigdísi í heimsókninni sem og forsetahlutverkið.

Nýtt hverfaskipulag

Góð þátttaka í kynningarfundi og kynningardögum

Íbúar hlýða á umfjöllum um nýtt hverfaskipulag á göngu um Seljahverfi í Breiðholti.

Góð þátttaka var í gönguferð um Seljahverfi laugardaginn 29. ágúst þar sem þættir í vinnutillögum að Hverfisskipulagi voru kynntir. Við upphaf göngunnar sagði Ævar Harðarson, arkitekt frá umgjörð verkefnisins og Ólöf Kristjánsdóttir sagði frá hvernig tillögurnar snertu samgöngur og styrkingu byggðar.

Ólafur Gunnarsson sagði frá þeim grænu áherslum sem eru í tillögum að hverfisskipulaginu. Richard Briem sagði frá auknum byggingarheimildum í vinnutillögum að hverfisskipulagi svo nokkuð sé nefnt. Mikill fjöldi fólks lagði leið sína í Gerðuberg og Mjódd þar sem starfsmenn umhverfis- og skipulagssviðs sátu fyrir svörum um vinnutillögur að hverfisskipulagi fyrir Breiðholt. Þá voru líka farnar þrjár fjölmennar hverfisgöngur um Breiðholt undir leiðsögn starfsmanna sviðsins þar sem farið var yfir ýmsa þætti tillagnanna.

Fundarstjóri á kynningarfundinum í Gerðubergi var Gunnar Hersveinn Sigursteinsson. Auk framsögufólks tóku Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi, Þorsteinn Rúnar Hermannsson, samgöngustjóri Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, formaður skipulags- og samgönguráðs, Sara Björg Sigurðardóttir, formaður íbúaráðs Breiðholts og Óskar Dýrmundur Ólafsson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Breiðholts fyrir svörum.

KLIKKUÐ LAGERHREINSUN

SKÓR FRÁ 10.000
Frábærir skór og fatnaður í ræktina

Höfðabakka 3
Föstud. 25. sept. kl. 16-20
Laugard. 26. sept. kl. 11-16

40-80% AFSLÁTTUR

Brooks – Compressport - Feetures – Fusion - Gipron
Smellwell – Maurten – Ryders - Tifosi - Nathan - Casada

40% afsláttur af göngugreiningum sem verða bókaðar á staðnum.
Aukapar af innleggjum kr. 10.000 bara þessa 2 daga

Frábærar vörur á frábæru verði - Faeturtoga.is - Frábærar vörur á frábæru verði - Faeturtoga.is - Frábærar vörur á frábæru verði - Faeturtoga.is - Frábærar vörur á frábæru verði

Förum eftir ráðleggingum sóttvarnarlæknis

FÆTUR TOGA
LEIÐIN TIL ÁRANGURS

AÐEINS ÞESSA TVO DAGA

Við Árskóga í Mjódd byggir Búseti 72 íbúðir í heppilegri stærð fyrir unga sem aldna

Búseti stendur að byggingu glæsilegra fjölbýlishúsa við Árskóga 5 og 7 í Mjóddinni í Reykjavík þar sem félagið reisir tvö fjögurra hæða fjölbýlishús með alls 72 íbúðum. Um er að ræða 32 þriggja herbergja íbúðir, 14 tveggja herbergja og 26 stúdíóíbúðir sem verða afhentar vorið 2021.

Að sögn Ágústu Guðmundsdóttur sölu- og markaðsstjóra Búseta er hægt að sækja um íbúðirnar á vef Búseta til 4. október næstkomandi. Hægt er að sækja um fleiri en eina íbúð og er þá hægt að raða íbúðum í röð eftir ósk kaupenda. Við úthlutun ræður félagsnúmerið röð umsækjenda ef fleiri en einn sækir um sömu íbúð.

Mikill áhugi hjá fólki sem hefur hug á að minnka við sig

„Við höfum fundið fyrir miklum áhuga hjá á íbúðunum hjá þeim sem eldri eru, nú þegar hafa tæplega 200 manns skráð sig á kynningarsíðu verkefnisins arskogar.buseti.is. Í Árskógum lögðum við sérstaka áherslu á að byggja íbúðir sem henta bæði fyrstu kaupendum og þeim sem vilja minnka við sig“ segir Ágústa. Við hönnun var lagt upp með að ná góðri nýtingu á rými um leið og þörfinni fyrir heppilega stærð íbúða var mætt og íbúðirnar þykja sérstaklega vel skipulagðar. Á jarðhæð er rúmgóður samkomusalur sem allir íbúar hafa aðgang að. Einnig er mikið lagt upp úr góðri aðstöðu fyrir hjólafólk, meira að segja m.t.t. til hjólaviðgerða og hleðslu á rafmagnshjólum.

Vel staðsettar íbúðir

„Byggingarverkefnið er skemmtilega staðsett nálægt fjölbreyttri flóru hvað varðar verslun og þjónustu. Húsin eru staðsett skammt frá Þjónustumiðstöð Breiðholts þar sem er að finna fjölbreytta þjónustu fyrir eldri borgara og nýja íþróttamiðstöð ÍR. Í næsta nágrenni eru grunnskólar, leikskólar og samgöngumiðstöð þar sem Borgarlínan mun liggja. Fallegi Elliðaárdalurinn er í göngufjarlægð,“ segir Ágústa í samtali við Breiðholtsblaðið.

Langtímahugsun og vel ígrunduð hönnun

Hönnun húsanna í Árskógum var í höndum A2F arkitekta og samræmast áherslur verkefnisins viðmiðum um algilda hönnun. Bæði húsin hafa að geyma lyftu og hindranalaust aðgengi að svölum og sérafnotareitum. Bílastæði í sameiginlegum bílakjallara fylgja hluta íbúðanna og þar eru möguleikar á tengingum fyrir rafhleðslu bifreiða. Teiknistofan Storð sá um hönnun lóðar sem felur m.a. í sér skjólgóða og vistlega garða við húsin. Innréttingar íbúðanna eru af vandaðri gerð frá GKS og eldhústækin frá AEG. Langtímahugsun er samofin menningu og starfsemi Búseta. Þessar byggingar eru í samræmi við stefnu Búseta um vel hannaðar og vandaðar íbúðir þar sem lögð er áhersla á góða líðan íbúa,“ segir Ágústa að lokum.

Búseti stendur að byggingu glæsilegra fjölbýlishúsa við Árskóga 5 og 7 í Mjóddinni í Reykjavík þar sem félagið reisir tvö fjögurra hæða fjölbýlishús með alls 72 íbúðum.

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

ökunet

Meirapróf og endurmenntun atvinnubílstjóra í fjarkennslu

Auk hefðbundins réttindanáms bjóðum við upp á eftirfarandi námskeið:

- B-réttindi á íslensku og ensku
- Námskeið vegna akstursbanns
- Meiraprófsnámskeið á íslensku, pólsku og ensku
- Bifhjólanámskeið
- Endurmenntun atvinnubílstjóra
- Afleysingarmannanámskeið á leigubifreið
- Rekstarleyfisnámskeið fólks– og farmflutninga
- Leyfisveitinganámskeið leigubílstjóra

Endurmenntun atvinnubílstjóra

Alla laugardaga í fjarkennslu frá kl. 9:00 til 16:00

Afleysingarmannanámskeið leigubílstjóra

(Harkarar) verða haldin 10.-11. nóvember
og 15.-16. desember í staðnámi.

Ökuskóli 1 og 2 í staðnámi fyrir þá sem það vilja
og í fjarnámi á www.okunet.is

Ökuskólinn í Mjódd byggir á áratuga reynslu í kennslu á öllum stigum ökunáms í samstarfi við ökukennara

Ökuskólinn í Mjódd - Þarabakka 3 - 109 Reykjavík - S: 5670300 - mjodd@bilprof.is

ÍÞRÓTTIR OG FRÍSTUNDIR

Breiðholt

Hér í Breiðholti er þriggja ára tilraunaverkefni að hefjast, sem byggir á víðtækri samvinnu íbúa, stofnana og félagasamtaka í Breiðholti

MARKMIÐ

- Að auka þátttökuhlutfall barna í íþrótta- og frístundastarfi í Breiðholti til jafns við Reykjavíkurmeðaltal.
- Að auka nýtingu frístundakortsins í Breiðholti til jafns við meðatal í Reykjavík.
- Að auðvelda samfélagslega þátttöku, íslenskunám og félagslega aðlögun barna með mismunandi bakgrunn.

FRAMKVÆMD

Verkefnið og fjárframlag til þess var samþykkt í borgarráði 27. ágúst sl. Verkefninu er stjórnað frá Þjónustumiðstöð Breiðholts og er liður í Heilsueflandi Breiðholt. Unnið er að útfærslu verkefnisins þessar vikurnar með fjölda samstarfsaðila í hverfinu. Sumir hlutar verkefnisins eru þegar útfærðir og eru komnir til framkvæmda en aðrir þarfnast meiri undirbúningstíma og koma til framkvæmda á næstu vikum og mánuðum.

Nánari upplýsingar gefur Þráinn Hafsteinsson umsjónarmaður verkefnisins á Þjónustumiðstöð Breiðholts.
Netfang: thrainn.hafsteinsson@reykjavik.is

MEGIN AÐGERÐIR

1. **Frístundakortsframlagið með árlegu aukaframlagi nægi fyrir þátttöku í öllu íþrótta- og frístundastarfi í Breiðholti í 1.-2. bekk.**

2. **Börn í 1.-2. bekk geti prófað og fært sig á milli íþrótta- og frístundakosta í Breiðholti án aukagjalds.**

3. **Íþróttir og frístundir verði í boði fyrir 1.-2. bekk frá 14:00-18:00 í hverfinu.**

4. **Frístundarúta þjónusti yngstu börnin í Breiðholti á milli 14:00-18:00 án endurgjalds.**

5. **Öflug kynning á íþrótta- og frístundastarfi og frístundakortinu í öllum kimum samfélagsins.** Kynningin verður þungamiðja verkefnisins og sameiginlegt verkefni Þjónustumiðstöðvar Breiðholts og annarra stofnana borgarinnar í náinni samvinnu við íbúa af erlendum uppruna og íþrótta- og frístundaaðila í hverfinu.

6. **Íslenskunám, félagsleg virkjun og samfélagsleg þátttaka eflist með þátttöku í íþrótta og frístundastarfi í Breiðholti.**

7. **Íþróttaverkefni leikskólanna í Breiðholti verði haldið áfram.**

8. **Styrktarsjóður til eflingar íþrótta- og frístundaþátttöku í Breiðholti.**

9. **Víðtæk samvinna um að efla og auðvelda þátttöku barna í íþrótta- og frístundastarfi í hverfinu.**

Kolbrún Baldursdóttir borgarfulltrúi

Nauðsynlegt að Breiðhyltingar láti í sér heyra

"Mér finnst margar góðar hugmyndir í þessum aðgerðarpakka t.d. vetrargarðurinn en aðrar eru síðri. Hverfisskipulagið opnar vissulega á marga möguleika og margt í Breiðholti má virkilega laga og bæta enda þótt hverfið sé sjarmerandi og víða eru gríðafalleg svæði. Sum svæði mættu sannarlega nýta betur og enn önnur svæði þarfnast lagfæringar. Ég tel nauðsynlegt að Breiðhyltingar láti í sér heyra og að umræður fari fram um þetta mál.

Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur og borgarfulltrúi.

Hún nefnir hugmyndir sem henni finnst að mætti skoða og hún hafi heyrt að hugur sé fyrir. Þar á meðal eru möguleikar á því að fá fleiri skóla í hverfið og nefnir Listaháskólann sérstaklega. "Ég sé enga ástæði til þess að hrúga öllum háskólum á sama blettinn í Vatnsmýrinni." Hún telur að einnig mætti skoða nánar hugmyndir um skrúð- eða lystigarði í Efra Breiðholti og eins að flytja opinberar stofnanir í hverfið. Kolbrún bendir einnig á áhyggjur sem komið hafa fram einkum á síðu íbúasamtakanna Betra Breiðholts að fjöldi bílastæða fylgi ekki eftir hugmyndum um fjölgun íbúða. Ef bílastæði fylgi ekki íbúðum geti það rýrt verðgildi þeirra. Einnig verði að taka raf- og metanbíla inn í flokk vistvænna ferðamáta.

BÍLAVIÐGERÐIR BÍLHÚSIÐ www.bilhusid.is
Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.
Smiðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

APENA HÁRSNYRTISTOFA
Þangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

FALLEGIR LEGSTEINAR
Opið: 11-16
alla virka daga
Verið velkomin
Bergsteinar legsteinagerð
Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Þórður Einarsson "Doddi þjálfari" skrifar um skipulagsmálin

Við þurfum blómlega byggð í Efra Breiðholti

Ég fór við annan mann og kynnti mér hugmyndir um hverfaskipulag í Efra-Breiðholti. Nú er talsverður hávaði í fólki á facebook sem virðist fyrirlíta allar framkvæmdir og framfarir í Breiðholti en elska bifreiðar og bílastæði. Þótt hávaðinn sé talsverður þekki ég af samtölum mínum við fjöldamarga íbúa hverfisins að fólk vill uppbyggingu. Því sting ég niður penna hér til að koma fram með vinkil sem virðist vera að drukkna í e-h flokkspólitískum leik og ást á einkabílnum.

Staðan í hverfi 111 er þannig í dag að börn og barnafjölskyldur eru að hverfa af yfirborði jarðar. Það eru einungis rétt um 300 börn í Fellaskóla sem áður tók á móti 1200 nemendum og Hólabrekkuskóli er orðin þriðjungur af því sem áður var. Meðalstórar íbúðir og hús eru ekki til fyrir þá sem vilja búa innan hverfis og það er erfitt að kaupa í hverfinu. Nú þegar þetta er ritað eru rétt um 40 eignir til sölu í öllu hverf 111 og margar af þeim eignum ekki líklegar til að rúma barnafjölskyldur. Stelpur eru svo fáar í íþróttum að þær þurfa oft á tíðum að leita út fyrir hverfið og fjöldi þeirra sem stunda einhvers konar tómstundir er sá lægsti hlutfallslega á öllu landinu.

Doddi telur algera yfirhalningu á svæðunum við Jórufell að Iðufelli nauðsynlega. Það á meðal séu bílastæði fyrir númerslausa bíla og tjaldvagna, félagsleg húsnæðisblokk í eigu borgarinnar og illa hirt iðnaðarhúsnæði. "Þetta er reitur sem klárlega þarf að breyta," segir hann.

Til að fá þjónustu þarf að vera fólk

Til að fá þjónusta í nærumhverfi sínu þarf að vera fólk, og þá enn betra börn. Og til þess að byggja upp blómlegt hverfi þarf að þétta byggð. Þannig má auka sjálfbærni hverfisins. Til að þetta verði að veruleika verður hverfið að fá fleiri íbúðir sem henta fjölskyldufólki. Íbúðir frá 100 fm. til 150 fm. Hverfið þarf aftur alls ekki á því að halda að byggja fleiri litlar íbúðir sem er kannski helsta gagnrýni mín og annarra sem skoða nýtt hverfisskipulag með opnum huga. Við viljum sjá blómlega byggð sem skapar nýjar forsendur í hverfinu. Eitthvað sem ýtir undir hverfisvitund og fjölgar þeim sem velja 111 sem búsetu til lengri tíma.

Í þeim drögum sem hafa verið kynnt eru metnaðarfullar hugmyndir um þéttingu byggðar. Ein af þessum tillögum snýr að Austurbergi og þar á að þétta að vegi. Þetta dregur ekki úr á einu né neinu nýtilegu eða grænu svæði en myndi skapa mikið meiri borgarbrag og flotta götumynd. Nýtum plássið. Nokkrar lóðir aðrar eru hugsaðar til uppbyggingar að auki. Má þar nefna lóðina þar sem krummavöllur stendur núna. Á Krummavelli hefur ekki verið spilaður fótboltaleikur í 25 ár og svæðið algerlega vannýtt. Samt má heyra mótbárur við þeirri uppbyggingu, sem ég og mikið mun fleiri skiljum ekki. Þarna er alger negla að byggja veglegar og flottar blokkir með stórum og góðum íbúðum.

Smíðasmiðja FB og Markúsartorg

Annað svæði sem vilji er að byggja á, og er talsvert lýti á hverfinu í dag, er svæðið þar sem smíðasmiðja FB stendur. Það yrði heldur betur bragabót fyrir bæði ásýnd hverfisins og ekki síður fyrir Markúsartorgið við Gerðuberg sem má sannlega fá upplyftingu. Þessi hugmynd að búa til hreinræktaða og heildræna miðju í hverfinu þykir mér virkilega góð. En um leið mikilvægt að sú uppbygging verði fyrst og síðast fjölskylduíbúðir og við sjálft torgið, hús með þjónustu á neðstu hæð.

Einn er sá hlutur sem ég og félagi minn settum fram í dag á fundi okkar með deildarstjóra hverfaskipulagsins en það er alger yfirhalning á svæðunum við Jórufell að Iðufelli þar sem núna eru bílastæði fyrir númerslausa bíla og tjaldvagna, félagsleg húsnæðis-blokk í eigu borgarinnar og illa hirt iðnaðarhúsnæði. Þetta er reitur sem klárlega þarf að breyta. Án þess að gera lítið úr íbúum Jórufells þá er það svo að hugmyndin um að hafa heilu blokkirnar með félagslegu húsnæði er barns síns tíma. Blönduð byggð íbúa er lang farsælast og því mikilvægt að þessi reitur verði þróaður algerlega uppá nýtt. Væri heillavænlegast að rífa hverja einustu byggingu á svæðinu og byggja upp einhverja glæsilegustu blokk Reykjavíkur með frábærum garði í miðjunni þar sem nú stendur Leikskólinn sem mun verða sameinaður öðrum leikskóla samkvæm skipulaginu. Við komum þessari athugasemd til þeirra og vel var tekið í hana.

Auka búsetuform í Fellum og Víðidal

Þá víkur sögunni að skilgreindum byggingarreit neðan við Möðrufell og Nönnufell. Það er gríðarlega mikilvægt að auka búsetuformin sem eru í boði í Fellunum og á þessu svæði við Víðidalinn er algert dauðafæri á að byggja upp einn fallegasta hverfahluta landsins. Ég þekki það af eigin raun að áhugi íbúa á að búa við dalinn er gríðarlegur. Þessi reitur er í aðalskipulagi Reykjavíkurborgar skilgreindur sem svæði fyrir minni einbýli og raðhús. Sem er mikil vöntun á í hverfinu. Sú hugmynd að byggja þarna var aftur ekki sett fram í þessu hverfaskipulagi. Ástæðan er sú að umræða um uppbyggingu Bio-drome á malarplani við Stekkina er svo vanstillt að borgin virðist ekki hafa treyst sér til að setja þetta fram. Sú mantra er þegar byrjuð með þennan reit að það sé verið að eyðileggja dalinn með því að byggja þarna. Flestir þeir sem láta hátt í þessu máli, hafa aftur ekkert á móti því að Sjálfstæðisflokkurinn er búinn að byggja upp byggð í Kópavogi, steinsnar frá þessum reit gjörsamlega 20 metra frá Elliðavatni. Það truflar fólk ekkert. En þegar byggja á langt frá ánni sjálfri á reit í Breiðholti, setur fólk sig upp á móti því. Undarlegt. En þessi reitur, er reitur sem ég vona að fari í uppbyggingu hið fyrsta. Til að fá fleira fólk til að búa lengur í besta Breiðholti.

Doddi þjálfari starfar hjá Þrótti í dag en hann á langa sögu að baki samofna Leikni þar sem hann starfaði um árabil og lagði drjúga hönd að uppbyggingu félagsins.

Fleiri börn í grunnskólana og íþróttir

Heilt yfir eru tillögurnar um hverfið góðar. Það er t.d. ekki verið að þrönga uppá neinn að byggja ofan á fjölbýlishúsin, heldur veita leyfi fyrir því. Hvernig hægt er að snúa því uppí eitthvað argaþras er óskiljanlegt. Það er heldur ekki verið að krefja fólk í einbýli að búa til íbúðir á lóðum sínum heldur veita fólki þann möguleika. Þétting byggðar hefur marga kosti í för með sér. Við fáum fleira fólk, sem getur ýtt upp þjónustustiginu í hverfinu. Við fáum fleiri börn í grunnskólana, sem skapar svo grundvöll fyrir því að íþróttir og tómstundir verði aðgengilegri innan hverfis. Við fáum fleiri tækifæri til að stækka og minnka við okkar innan hverfisins og með auknum fólksfjölda fáum við meiri atvinnustarfsemi sem gefur möguleika að því að stytta ferðalagið til vinnu. Ofan á allt þetta eru grænu svæðin í 111 eftir sem áður í góðum málum en ónýtt svæði og nöturleg taka á sig nýja og betri mynd.

Takið þátt í umræðunni

Ég hvet fólk, sem er jákvætt fyrir breytingum og bætingum í hverfinu að fara láta heyra meira í sér. Ég hvet unga Breiðhyltinga til að taka þátt í umræðunni. Umræðan á netinu er verulega neikvæð en raunin er sú að fullt af fólki líst vel á hugmyndir um þéttingu byggðar, Borgarlínu og almenna uppbyggingu í okkar hverfi. Um að gera að benda á það sem má bæta og breyta í tillögunum og ef þið hafið nýjar hugmyndir látið í ykkur heyra. Við framfarasinnaðir Breiðhyltingar verðum að láta að okkur kveða og ekki láta þá sem vilja fleiri bílastæði einoka umræðuna. Við viljum fleira fólk, meiri þjónusta og fleiri búsetukosti í hverfinu okkar. Við viljum betra og meira Breiðholt! Koma svo, áfram Breiðholt!

HÓPEFLI

STARFSMANNADJAMM

KEILA, MATUR, DRYKKUR OG ALLTAF GOTT VEÐUR

HÓPEFLIÐ HEFST OG ENDAR Á EINUM OG SAMA STAÐNUM

Við höfum endurbætt alla aðstöðuna á keilubrautum, stærri og betri borð, þægilegra aðgengi og hraðari afgreiðsla.

Hvar er betra að þjappa hópnum saman en í góðu veðri innandyra hjá okkur þar sem allt er á einum stað.

Fáðu tilboð frá okkur í þinn hóp á
keiluhollin@keiluhollin.is

Keiluhöllin
EGILSHÖLL

Skipulagsyfirvöld hafa ekki áhuga á göngugötunni í Mjódd

- segir Kolbrún Baldursdóttir

Göngugatan í Mjódd.

Kolbrún Baldursdóttir áheyrnarfulltrúi í borgarráði telur að skipulagsyfirvöld hafi ekki mikinn áhuga á öðrum göngugötum en þeim sem tilheyra miðbænum eftir að tillaga hennar um eflingu starfsemi í Mjódd hafi verið felld. Hún segir að borgaryfirvöld efni oft viðburði í göngugötum í miðbænum þar sem verslanir séu líka í einkaeigu fjölmargra. Hún bendir á að þótt Reykjavíkurborg hafi haldið viðburð í göngugötunni í Mjódd og fyrir því séu fordæmi þá séu þeir allt of fáir.

Hún segir Borgina eiga eignir í Mjóddinni og beri því ákveðna ábyrgð ásamt fleirum á bílastæðunum, aðgengi og öryggi þar. "Hvernig á að túlka þetta öðruvísi en skipulagsyfirvöld hafi minni áhuga á úthverfum en miðbænum. Vinna við borgarlínu þarf ekki að koma í veg fyrir að lífga megi upp göngugötuna í Mjódd. Eitt útilokar ekki annað í þessum efnum. Ég fagnar endurgerð torga. Ef lífgað yrði upp á göngugötuna myndu fleiri ganga um torgin." Meirihluti borgarráðs byggði synjun sína á þeim rökum að Reykjavíkurborg haldi ekki viðburði í verslunarkjörnum í einkaeigu. Á þessu kjörtímabili hafi verið lagt í vinnu við að fegra ásýnd svæðis í kringum Mjóddina og sú vinnan sé enn þá yfirstandandi. Vinna við borgarlínu mun fara í gang þegar annar áfangi fer í vinnu og þá gefst tækifæri til að skipuleggja svæðið í heild sinni.

Sameiginleg læsisstefna í Breiðholti

Sameiginleg Læsisstefna fyrir alla leik- og grunnskóla í Breiðholti er komin út. Í Breiðholtinu eru fimm grunnskólar og tólf leikskólar sem síðustu tvö ár hafa unnið saman að Læsisstefnu Breiðholts. Þegar talað er um læsi er átt við þá hæfni að geta lesið, skilið, túlkað og unnið á gagnrýninn hátt með ritað mál, orð, tölur, myndir og tákn.

Með læsisstefnunni er lagður grunnur að því að skólarnir í hverfinu séu samstiga í að efla málþroska, orðaforða og læsi nemenda sinna í samvinnu við heimilin.

Læsisstefnan leggur áherslu á að nám sé heildrænt ferli í þroska barnanna. Í stefnunni má m.a. finna hlutverk leik- og grunnskólans, leiðir til að efla lestur, hugmyndir fyrir málörvun og hvernig hægt er að skapa lestrarhvetjandi umhverfi.

Við erum nú þegar byrjuð að vinna eftir stefnunni í Fellaskóla. Það er innlæg von okkar að læsisstefnan efli okkar góða skólasamfélag í Breiðholtinu. Læsisstefnuna má finna t.d. finna á heimasíðu Fellaskóla.

Verið velkomin á Gamla Kaffihúsið

Nautasteik

með bakaðri kartöflu, steiktu grænmeti og bearnaisesósu

Aðeins kr.
2990 kr

Opnunartímar
Sunnudaga frá 12:00 til 20:30
Mánudaga - LOKAÐ
Þriðjudaga til Laugardags frá 12:00 til 21:00,

Matseðill

Kjúklingasalat 2100,-
Salat með hvítlauksbrauði og hunangssinnepsósu.

Laxasalat 2100,-
Salat með reyktum laxi, hvítlauksbrauði og hunangssinnepssósu.

Piri piri Kjúklingur 2480,-
Með steiktu grænmeti, sveita kartöflum og hvítlaukssósu.

Hamborgari 1860,-
Með stalati, rauðlauk, osti og frönskum kartöflum.

..og margt margt fleira

GAMLA KAFFIHÚSIÐ

Drafnarfell 18, 111 Reykjavík. Sími 511-1180. Nánari upplýsingar á gamlakaffihusið.is.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi
s. 551 1266 | utfor@utfor.is
utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

TOYO TIRES driven to perform | PIRELLI POWER IS NOTHING WITHOUT CONTROL | Laufenn Journey in Style | MAXXIS DEKK | Mastercraft TIRES | NANKANG FREE YOUR WAY | INTERSTATE TIRES

Stærsta verkstæði landsins í næsta nágrenni við þig

Eitt fullkomnasta hjólbarðaverkstæði landsins að Breiðhöfða

Bókaðu tíma á www.nesdekk.is

STÆRÐIN SKIPTIR EKKI MÁLI

Nýja verkstæðið að Breiðhöfða 13 er sérhannað fyrir starfsemina, með tækjabúnaði og aðstöðu til að veita **öllum bílum** fyrsta flokks hjólbarðaþjónustu. Þetta glæsilega verkstæði býður m.a. upp á þá nýjung að vera gegnumkeyranlegt fyrir vöruflutningabíla og niðurgrafnar lyftur og snertilausar umfelgunarvélar fyrir fólksbíla.

Breiðhöfði 13
110 Reykjavík
590 2080

Grjótháls 10
110 Reykjavík
561 4210

Fáðu ráðleggingar fagmanna okkar við val á réttum dekkjum.

nesdekk.is

NESDEKK

Dagskráin gerð eftir hugmyndum krakkanna

Opnað var í félagsmiðstöðvunum Bakkanum, Hólmaseli og 111 þann 24. ágúst síðastliðin eftir sumarfrí. Starfið hófst af miklum krafti og hefur fjöldi barna og unglinga lagt leið sína í félagsmiðstöðvarnar.

Í félagsmiðstöðvunum er barna og unglingalýðræði viðhaft og því er dagskráin gerð eftir hugmyndum frá þeim. Opnunartíminn er auglýstur á heimasíðum félagsmiðstöðvanna, midberg.is. Það er ljóst að krakkarnir eru spenntir fyrir starfinu í vetur og hefur jákvæðni og leikgleði einkennt starfið nú í upphafi. Mikilvægt er að taka fram að í félagsmiðstöðvunum er vel gætt að sóttvörnum og farið í einu og öllu eftir þeim tilmælum sem komið hafa frá sóttvarnarlækni. Við viljum hvetja alla foreldra til að hvetja börn sín til þess að taka þátt í starfi félagsmiðstöðvarinnar, þar geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Að taka þátt í heilbrigðum tómstundum í frítíma sínum er hverjum einstakling holt og er starfið í félagsmiðstöðinni í senn skemmtilegt og þroskandi fyrir alla þá sem taka þátt.

Barna- og unglingalýðræði er í félagsmiðstöðvunum á dagskrá gerð eftir hugmyndum unga fólksins.

Skólastarf FB lagað að aðstæðum á tíma Covid

Skólastarf í FB er með töluvert breyttum hætti nú á tímum Covid. Mjög mikil aðsókn er að skólanum bæði dagskóla og kvöldskóla. Í dagskóla eru nú tæplega 1200 nemendur og yfir 600 nemendur í kvöldskóla og eru þó nokkrir nemendur á biðlista.

Skólinn leggur að sjálfsögðu mikla áherslu á að fram fylgja sóttvörnum almannavarna og eins metra reglunni. Þar af leiðandi er stór hluti bóknámsnemenda í fjarnámi en list- og verknámsnemar hafa fengið að koma inn í skólann í ákveðnum greinum.

Frá skólastarfi í FB teknar á undanförnum dögum.

Vel heppnað nýnemakvöld

Nemendafélag skólans NFB hélt nýnemakvöld þar sem nýnemar voru boðnir velkomnir í skólann þann 26. ágúst. Í ljósi aðstæðna var viðburðurinn haldinn með fjarfundarbúnaði Teams. Fundurinn var vel sóttur en alls komu 120 nemendur inn á Teams og tóku þátt.

Jón Jónsson söngvari og skemmtikraftur var leynigestur og heillaði alla uppúr skónum og hélt uppi frábærri stemningu. Í lokin sáu félagsmálafulltrúar skólans þau Andri Þorvarðarson og Kristín Guðrún Jónsdóttir kennarar um Kahoot netleik. Sú sem hreppti fyrsta sætið var Emma Rún Baldvinsdóttir nýnemi á myndlistarbraut FB en hún hlaut glæsileg verðlaun sem voru gjafabréf í Smáralind og FB-peysa.

Emma Rún Baldvinsdóttir hreppti fyrsta sætið Kahoot netleik.

Jón Jónsson skemmti nýnemum eins og honum er lagið.

Metfjöldi í Hellinum

Félagsmiðstöðin Hellirinn hóf skólaárið sem nú er gengið í garð með miklum látum 24. ágúst. Hellirinn er sértæk félagsmiðstöð í Kleifarseli og þjónustar börn í 5. til 10. bekk í skólum í Árbæ, Breiðholti og Norðlingaholti, auk þess að þjónusta börn sem eru búsett í Breiðholti en ganga í skóla sem ekki eru í hverfinu.

Umsóknir í Hellinn hafa aldrei verið fleiri og því er búist við enn líflegra starfi nú í ár en á síðast liðnum árum og hafa fyrstu vikurnar gefið góð fyrirheit um skólaárið, þar sem gleði og vinátta hafa einkennt starfið. Í Hellinum ríkir barna – og unglingalýðræði þar sem þátttakendur í Hellinum skipuleggja sjálfir þá dagskrá og þá viðburði sem eiga sér stað í Hellinum og móta þar með félagsmiðstöðvastarfið eftir sínu höfði.

T&G Tölvur og gögn ehf. PC & Mac
þekking og reynsla
◇ Office 365 þjónusta
◇ Gagnabjörgun og afritun
◇ Umsjón tölvukerfa
◇ Vefsíðugerð og umsjón
◇ Tölvuviðgerðir
◇ Tölvur og jaðarbúnaður

Þarabakki 3, Mjódd
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is

VIÐ ÓSKUM ÍR-INGUM OG BREIÐHYLTINGUM

TIL HAMINGJU MEÐ KNATTHÚS ÍR

MUNCK ÍSLANDI

EFLA

VERKÍS

ATLAS verktakar

ARKÍS arkitektar

VERKEINING

Pípulagna VERKTAKAR ehf

ÍSLOFT BLIKK OG STÁLSMIÐJA EHF.
Bíldshöfða 12, 110 Reykjavík - Sími 587 6666 - isloft@isloft.is

H&S RAFVERKTAKAR

Gólflagnir IÐNAÐARGÓLF

Pétur Már Finnsson ehf

METATRON

HEILSUEFLANDI BREIÐHOLT

Víðtæk samvinna lykillinn að árangri

Tilraunaverkefnið „Frístundir í Breiðholti“ sem samþykkt var í borgarráði 27. ágúst sl. er gríðarlega víðtækt samfélagsverkefni til að efla börn og unglinga í hverfinu.

Meginmarkmið verkefnisins eru að auka þátttöku barna og unglinga í skipulögðu íþrótta- og frístundastarfi í Breiðholti, bæta nýtingu frístundakortsins í hverfinu og að nýta íþrótta- og frístundaþátttökuna til að auðvelda samfélagslega þátttöku, íslenskunám og félagslega aðlögun barna með mismunandi bakgrunn.

Til að þessi markmiðin náist í náinni framtíð þurfum við á því að halda að íbúar í Breiðholti, starfsmenn leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, frístundamiðstöðvar og þjónustumiðstöðvar vinni saman ásamt öllum íþrótta- og frístundaaðilum í hverfinu.

Þráinn Hafsteinsson.

Leitum óvirkra barna

Leitum þeirra barna og unglinga sem eru óvirk en hefðu hugsanlega áhuga á að taka þátt í skipulögðu íþrótta- eða frístundastarfi. Upplýsum bæði börn og foreldra þeirra um þá fjölbreyttu íþrótta- og frístundakosti sem til staðar eru í hverfinu. Kynnum þeim frístundakortið og kosti þess. Hvetjum börnin til þátttöku og eflum foreldrana í foreldraþátttökunni. Stundum er hvatning ekki nóg til að barn hefji þátttöku og þá þarf hugsanlega að hjálpa til með öðrum hætti. Hjálpin gæti verið fólgin í að fylgja viðkomandi barni og foreldrum fyrstu þátttökudagana eða þangað til að kynni hafa náðs við kennara eða þjálfara. Þá þarf að fylgjast með þátttökunni, hvetja og hjálpa ef eitthvað bjátar á. Ef barn nær ekki að festa rætur í þátttöku í einum frístundakosti þarf að finna annan sem barninu gæti hugnast og veita sömu hvatningu og hjálp.

Stöndum saman og leggjum okkur fram

Íþrótta- og frístundaþátttaka er afar stór hluti að menningarheimi íslenskra barna og mikilvægur hlekkur í því að tilheyra samfélaginu. Stöndum saman og leggjum okkur fram um að veita öllum börnum í Breiðholti sem þess óska verðugt og uppbyggilegt tækifæri til að leggja sitt að mörkum til okkar samfélags með íþrótta- og frístundaþátttöku sinni.

Þráinn Hafsteinsson.
Verkefnastjóri frístunda og félagsauðs.
Þjónustumiðstöð Breiðholts.

Getraunanr. 111 www.leiknir.com
Leiknir var stofnað 1973 Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Jafntefli í Grindavík hjá Leikni

Leiknir gerði 1-1 jafntefli á útivelli gegn Grindavík á fimmtudag í Lengjudeildinni en bæði mörkin voru skoruð í fyrri hálfleik.

Sævar Atli skoraði laglegt mark eftir glæsilega sendingu frá Danna Finns en Grindvíkingar jöfnuðu með skallamarki.

Leiknir er í þriðja sæti Lengjudeildarinnar. Fótbolti.net valdi Guy Smit leikmann leiksins og hann var valinn í úrvalslið umferðarinnar. Þetta er í þriðja sinn sem hann er í úrvalsliðinu.

Grindavík 1 – 1 Leiknir R.
0-1 Sævar Atli Magnússon (’11)
1-1 Guðmundur Magnússon (’17)

www.leiknir.com

Foreldrar verum samtaka

Útivistarreglurnar

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti – til kl. 20
13 – 16 ára börn mega vera úti – til kl. 22

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti – til kl. 22
13 – 16 ára börn mega vera úti – til kl. 24

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.

Samstarfshópur um forvarnir
SAMAN
Ríkislögreglustjórinn
HEILSU EFLANDI BREIÐHOLT

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA
Sverrir Einarsson Margrét Á. Guðjónsd. Kristín Ingólfsdóttir Hannes Ó. Sampsted
Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ÁÞENA HÁRSNYRTISTOFA
Þangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

Knatthús ÍR tekið í notkun

- skóflustunga að öðru íþróttahúsi og dans- og fimleikahús verður í Efra Breiðholti

Merkum áfanga í uppbyggingu á ÍR svæðinu í Suður Mjódd er náð. Áfanganum var fagnað laugardaginn 5. september sl. Þá var knatthús með frjálsíþróttaaðstöðu tekið í notkun og að auki tóku Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Ingigerður H. Guðmundsdóttir formaður ÍR fyrstu skóflustunguna að öðru íþróttahúsi suðaustan við knatthúsið.

„Ég ólst upp við það að þurfa að sækja íþróttir í önnur hverfi því skortur var á aðstöðu í Árbænum. Uppbygging fjölbreyttra íþróttamannvirkja í Breiðholti hefur verið eitt af mínum hjartans málum," segir Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í tilefni af hinu nýja knatthúsi. „Ég er stoltur af því að þetta glæsilega knatthús, með æfingaaðstöðu fyrir frjálsíþróttafólk er tilbúið og ekki síður að við erum að taka skóflustungu að íþróttahúsi sem verður fyrir handbolta, körfubolta og fleiri íþróttir. Á næsta ári tökum við nýjan frjálsíþróttavöll í Mjódd í gagnið og borgarráð hefur samþykkt að velja dans- og fimleikahúsi stað í Efra-Breiðholti. Framtíð íþrótta er björt í Breiðholti."

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri með skófluna. Að baki hans er fjöldi ungmenna sem eiga eftir að njóta þeirra framkvæmda sem lokið er og standa fyrir dyrum á athafnasvæði ÍR.

Ingigerður Guðmundsdóttir formaður ÍR, Ómar Einarsson sviðsstjóri íþrótta- og tómstundasviðs Reykjavíkurborgar og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.

Gleðidagur fyrir ÍR-inga og samfélagið í Breiðholti

„Þetta er mikill gleðidagur fyrir okkur ÍR-inga sem og samfélagið okkar hér í Breiðholti," segir Ingigerður H. Guðmundsdóttir, formaður ÍR. „Þau mannvirki sem rísa hér á svæðinu munu gjörbreyta starfi ÍR, gera deildum félagsins sem eru 10 talsins með um það bil 2600 iðkendur, kleift að vinna mun betur saman og færir samfélaginu í Breiðholti stað til að efla vegferð og starf íþróttahreyfingarinnar enn frekar. Tilgangur félagsins er jú fyrst og fremst að ná til barna og unglinga, tryggja framúrskarandi þjálfun, góða aðstöðu til íþróttaiðkunar og veita þeim tækifæri til að þróast sem íþróttafólk. Tryggja forvörn og reyna með öllum ráðum að halda börnum og unglingum áfram hjá okkur til að sjá þau vaxa og dafna sem sterka fullorðna einstaklinga".

Knatthús og frjálsar íþróttir

Í knatthúsinu nýja er annars vegar gervigrasvöllur á við hálfan knattspyrnuvöll og hins vegar æfingasvæði fyrir frjálsar íþróttir. Alls rúmir 4.200 fermetrar. Auk þess er tveggja hæða hliðarbygging meðfram suðurhlið salarins og er hún rúmir 1.100 fermetrar. Þar verður meðal annars búningsaðstaða og tæknirými. Skóflustunga að íþróttahúsinu sem nú er risið var tekin í febrúar 2019. Hönnun annaðist arkitektastofan Arkís og verktaki við uppbyggingu var Munck. Eftirlit var á hendi Hnit verkfræðistofu. Framkvæmdakostnaður er rúmur milljarður króna.

Í knatthúsinu nýja er annars vegar gervigrasvöllur á við hálfan knattspyrnuvöll og hins vegar æfingasvæði fyrir frjálsar íþróttir.

Handbolti, karfa og fleiri íþróttagreinar

Íþróttahúsið sem nú er búið að taka skóflustungu að verður byggt suðaustan við knatthúsið. Innangengt verður milli bygginganna. Í tengibyggingu er gert ráð fyrir búningsklefum og aðstöðu fyrir lyftingar. Nýja aðstaðan mun mæta kröfum til keppni í handbolta og körfubolta, auk þess sem svigrúm verður til iðkunar og keppni í fleiri greinum. Byggingin verður á tveimur hæðum, nærri 4.200 fermetrar og þar af er íþróttasalurinn nær 2.400 fermetrar. Í tveimur hliðarbyggingum hússins verður m.a. móttaka, salerni, áhaldageymslur, tæknirými og aðstaða fyrir fjölmiðla. Áætlaður framkvæmdakostnaður er rúmar 1.150 milljónir. Hönnun var á hendi ASK arkitekta og verktaki er Flotgólf ehf.

Framkvæmdir á lóð

Samhliða byggingarframkvæmdum verður unnið við lóðafrágang á ÍR svæðinu. Aðallega verða þetta stórir grænir fletir sem ætlaðir eru til fótboltaiðkunar, en meira verður lagt í hönnun lóðar og frágang við aðalinngang og aðkomu.

ALLTAF FULLT BORÐ AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM
Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.
FISKBÚÐ HÓLMGEIRS MJÓDD
ÁFRAM ÍR
GETRAUNANÚMER ÍR 109
1X2 GETRAUNIR.IS
HEIMASÍÐA ÍR www.ir.is
SmíðaVík GÓÐIR Í GLUGGUM OG HURÐUM
Ef þarf að skipta út gleri, bæta þéttingu glugga og hurða, lagfæra glugga og hurðir eða skipta því út fyrir nýju erum við réttu mennirnir.
Við höfum góða reynslu í þessum efnum.
smidavik@smidavik.is
sími 898-0503
Guðlaugur

72 NÝJAR ÍBÚÐIR

VIÐ ÁRSKÓGA 5-7 Í MJÓDD

Vandaðar íbúðir í rótgrónu hverfi

TIL SÖLU

Fallegar stúdíó, tveggja og þriggja herbergja íbúðir fyrir alla aldurshópa

Umsóknarfrestur til sunnudagsins 4. október

FRÁBÆR STAÐSETNING

Húsin eru skammt frá flóru verslana og þjónustu. Gott aðgengi er að almenningssamgöngum, Þjónustumiðstöð Breiðholts og íþróttasvæði ÍR.

Stúdíóíbúð, 43 m²



Tveggja herbergja, 69,5 m²



Þriggja herbergja, 95,5 m²



ÁVINNINGUR

- Örugg búseta
- Minni fjárbinding
- Réttur til vaxtabóta
- Lægri kaup- og sölukostnaður
- Búseti sér um ytra viðhald

VANDAÐUR FRÁGANGUR

- Fullbúnar íbúðir með gólfefnum
- Vandaðar innréttingar
- Mjög gott aðgengi og hljóðvist
- Hjólaaðstaða til fyrirmyndar
- Bílastæði með möguleika á rafhleðslu

INNIFALIÐ Í BÚSETUGJALDI

Fjármagnskostnaður, skyldutryggingar, hiti, fasteignagjöld, hússjóður, þjónustugjald og framlag í viðhaldssjóð.

50% FJÁRMÖGNUN

Auglýst verð á búseturéttum miðast við staðgreiðslu. Í boði er allt að 50% fjármögnun á búseturéttinum frá Landsbankanum byggt á lánareglum bankans.

S: 556 1000 **BUSETI@BUSETI.IS** **ARSKOGAR.BUSETI.IS**